

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. október 1980. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að semja um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, sérstöku vörugjaldi og söluskatti af tölvubúnaði til farþegabókhalds fyrirtækisins. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að fella niður stimpilgjöld af lánskjöllum sem gefin voru út vegna kaupa Flugleiða hf. á flugvél af gerðinni Boeing 727-200 á árinu 1980.

5. gr.

Við veitingu ríkisábyrgða skv. 1. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. nóvember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G**um þingfarar kaup alþingismanna.****FÖRSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Alþingismaður nýtur þingfarar kaups úr ríkissjóði. Þingfarar kaup greiðist frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir kjördag eða eftir að þingseta hefst og til síðasta dags þess mánaðar, er kjörtímabili eða þingsetu lýkur. Kaupið greiðist fyrsta hvers mánaðar fyrir fram að 1/12 hluta hvert sinn.

2. gr.

Alþingismaður, sem á lögheimili utan Reykjavíkur, en verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt að fá greiddan húsnæðiskostnað vegna þingstarfa, enn fremur dvalarkostnað um þingtímann.

Alþingismaður, sem gegnir þingmennsku í kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness og nýtur ekki greiðslu skv. 1. mgr., á rétt á að fá greiddan kostnað vegna dvalar í kjördæmi sínu. Landskjörinn þingmaður fær sama dvalarkostnað og þingmaður í því kjördæmi þar sem hann var í framboði.

3. gr.

Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað milli heimilis síns og vinnustaðar.

Enn fremur á alþingismaður rétt á að fá endurgreiddan kostnað við þær ferðir aðrar er hann þarf að fara innanlands vegna starfs síns, nema um sé að ræða ferðalög innan kjördæmis hans, sem greitt er fyrir skv. 4. gr.

4. gr.

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi þar sem hann var í framboði.

Ákvæði í 1. málsg. taka ekki til ráðherra.

5. gr.

Alþingismaður á rétt á að fá endurgreiddan póst- og símakostnað vegna þingstarfa.

6. gr.

Varaþingmaður fær greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnað samkvæmt reikningi og dvalarkostnað þann tíma sem hann situr á þingi, svo og endurgreiddan ferða-, póst- og símakostnað skv. 3. og 5. gr.

7. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna starfa á vegum ríkisstjórnarinnar eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnaður skv. 1. mgr. 2. gr. og ferðakostnaður samkv. 4. gr.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup eigi að síður allt að einu ári. Húsnæðiskostnaður, dvalarkostnaður og ferðakostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsg. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

8. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum, er hann hættir þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

9. gr.

Reglum um eftirlaun þingmanna skal skipað með sérstökum lögum.

10. gr.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi.

11. gr.

Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku. Skal hann þá njóta launa hjá ríki eða ríkisstofnun samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

12. gr.

Kjaradómur skal ákveða þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðis- og dvalarkostnað skv. 2. gr. og ferðakostnað skv. 4. gr.

Ákvörðun Kjaradóms skal gilda frá 1. október ár hvert til 30. september næsta ár. Verði verulegar og almennar breytingar á launum, húsaleigu eða dvalarkostnaði opinberra starfsmanna á gildistíma ákvörðunar Kjaradóms skal Kjaradómur taka ákvörðun sína til endurskoðunar.

13. gr.

Skrifstofustjóri Alþingis skal úrskurða um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir skv. 3. og 5. gr.

Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofustjóra getur hann skotið honum til úrskurðar forseta Alþingis sem fella endanlegan úrskurð.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna, lög nr. 72 3. maí 1965 og lög nr. 57 16. apríl 1971, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 111 30. desember 1978, um biðlaun alþingismanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal Kjaradómur taka til ákvörðunar þau atriði, sem honum ber að úrskurða um samkvæmt lögum þessum, og gilda þær ákvarðanir frá 1. maí 1980 til 30. sept. 1981.

Gjört í Reykjavík 2. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.